

## H Ú S A G E R Ð A R S A M Þ Y K K T

### fyrir Húsagerðarsamband Vestur-Barðastrandarsýslu.

Búnaðarfélag Barðastrandarhrepps, Búnaðarfélagið Örlygur Rauðasandshreppi, Búnaðarfélag Tálknafjarðarhrepps, Búnaðarfélag Ketildalahrepps og Búnaðarfélag Suðurfjarðarhrepps gera á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945, reglugerðar 13. maí 1947 og heildar húsagerðarsamþykktar Búnaðarsambands Vestfjarða svofellda húsagerðarsamþykkt:

#### 1. gr.

Húsagerðarsambandið nær yfir 2. samþykktarsvæði húsagerðarsamþykktar Búnaðarsambands Vestfjarða, en í því eru þau búnaðarfélög, sem að framan eru talin.

#### 2. gr.

Tilgangur samþykktarinnar er að greiða fyrir húsabótum og öðrum byggingafrankvæmdum hjá félagsmönnum og stuðla að því, að bændur geti komið sér upp svo vönduðum, hagkvæmum og ódýrum húsum, sem kostur er á. Þessum tilgangi vill húsagerðarsambandið ná með því að taka að sér byggingar íbúðar- og peningahúsa og þeirra húsa annarra, sem nauðsynleg eru almennum búrekstri og í því skyni ráða til sín byggingamenn og leggja þeim til sem fullkonnastar vélar, tæki og mót til vinnunnar.

#### 3. gr.

Hvert búnaðarfélag kýs einn mann og annan til vara til þriggja ára í stjórn húsagerðarsambandsins. Skulu þeir ganga úr stjórninni eftir röð tveir og tveir og einn og röð þeirra í fyrsta skipti er þannig. Búnaðarf. Barðastrandarhrepps og Búnaðarf. Örlygur Rauðasandshr. kjósa stjórnarmenn árið 1978. Búnaðarf. Tálknafjarðarhr. og Búnaðarf. Ketildalahr. árið 1979 og Búnaðarf. Suðurfjarðarhr. árið 1980. Stjórnin kýs sér formann og auk þess tvo menn, er ásamt formanni mynda framkvæmdastjórn sambandsins. Stjórnin ræður húsagerðarsambandinu framkvæmdastjóra í samráði við Byggingastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands. Hvert búnaðarfélag kýs árlega tvo fulltrúa á aðalfund húsagerðarsambandsins.

Á aðalfundi skulu lagðir fram endurskoðaðir reikningar húsagerðarsambandsins og eru endurskoðendur tveir til þess kjörnir á aðalfundi Búnaðarsambands Vestfjarða. Aðalfund skal halda fyrir 20. júní ár hvert.

#### 4. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri skipta með sér verkum svo sem tilgreint er í húsagerðarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða, svo skal og vera um starfsemi alla og félagshætti.

#### 5. gr.

Húsagerðarsambandið myndar byggingasjóð til kaupa á vélum, verkfærum áhöldum og veggjamótum við byggingafrankvæmdir sambandsins. Stofnfjárhæð hans er kr. 5 000 000.00 — fimm milljónir króna.

Tekjur byggingasjóðs eru:

1. Tveir þriðju hlutar stofnfjár er styrkur úr ríkissjóði, jafnóðum og hann greiðist til sambandsins út á þær vélar, sem keyptar hafa verið, enda liggi fyrir samþykki Byggingastofnunar landbúnaðarins, stjórnar Búnaðarfélags Íslands og stjórnar Búnaðarsambands Vestfjarða um þörf húsagerðarsambandsins fyrir þann vélakost.
2. Óafturkræft framlag frá Búnaðarsambandi Vestfjarða, er nemi  $\frac{1}{6}$  hluta heildarstofnfjárins.
3. Eftirstöðvar stofnfjárins,  $\frac{1}{6}$  hluta, tekur húsagerðarsambandið að láni, sem endurgreiðist innan 5 ára, og teljast greiðslur þessar ásamt vöxtum til reksturskostnað við byggingaframkvæmdir. Heimilt er þó að jafna þessum hluta stofnfjárins niður á bændur eða búnaðarfélag á sambandssvæðinu.
4. Tekjur þær, er inn kunna að koma samkv. 17. gr. húsagerðarsamþykktar Búnaðarsambands Vestfjarða.

#### 6. gr.

Tillögur er fram kunna að koma um breytingar á samþykkt þessari frá hreppabúnaðarfélagunum, skulu sendar stjórn Búnaðarsambands Vestfjarða, er sendir þær til umsagnar öllum aðilum er að samþykkt standa samkv. 1. gr. Breytingatillögur sambandstjórnar skulu sendar sömu aðilum til umsagnar. Tillögurnar skulu því næst ásamt umsögn búnaðarfélaganna, lagðar fyrir aðalfund búnaðarsambandsins. Samþykki löglegur aðalfundur breytingarnar með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  atkvæðisbærra fulltrúa, skal stjórn sambandsins senda breytingarnar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar samþykis landbúnaðarráðherra á þeim.

#### 7. gr.

Samþykkt þessa má því aðeins nema ú gildi, að rökstutt álit meiri hluta samþykktaraðila liggi fyrir um að tilgangi samþykktar verði ekki náð og að lögmætur aðalfundur búnaðarsambandsins samþykki það með að minnsta kosti  $\frac{3}{5}$  atkvæðisbærra fundarmanna, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

#### 8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál og varða þau sektum frá 10 000 til 100 000 krónum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

#### 9. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, þá er hún hefur verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 88 13. maí 1947, til að öðlast þegar gildi, og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 19. desember 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Haukur Jörundarson.*